



Umhverfisviðurkenningar 2016



Umhverfisviðurkenningar Kópavogsbæjar

Ár hvert veitir umhverfis- og samgöngunefnd Kópavogsbæjar umhverfisviðurkenningar í bænum. Viðurkenningarnar hafa verið veittar frá árinu 1964. Í byrjun voru veittar viðurkenningar fyrir snyrtilegt umhverfi, fallegustu garðana eða lóðir bæjarins. Árið 1995 var breyting á og núverandi fyrirkomulag tekið upp. Einstaklingar, félagasamtök og/eða fyrirtæki geta fengið viðurkenningar í ýmsum flokkum s.s. umhirða húss og lóðar, endurgerð húsnæðis, frágangur húss og lóðar á nýbyggingarsvæðum, framlag til ræktunarmála og framlag til umhverfis og samfélags.

Bæjarstjórn Kópavogs velur götu ársins.

Í umhverfis- og samgöngunefnd 2014 skipa eftirtaldir fulltrúar:

Aðalmenn
Hjördís Ýr Johnson formaður
Hreiðar Oddsson varaformaður
Ísól Fanney Ómarsdóttir
Sigurður M. Grétarsson
Einar Baldursson

Áheyrnarfulltrúi
Hreggviður Norðdahl
Gylfi Sigurðsson

Varamenn
Arnar Ingólfsson
Margrét Halldórsdóttir
Sturla Gunnar Eðvarðsson
Valgerður Guðjónsdóttir
Hjörtur Sveinsson
Svala Jónsdóttir, varaáheyrnarfulltrúi


Endurgerð húsnæðis

Hávegur 15

Eigendur Ragnar Lövdahl og Steinunn Gunnlaugsdóttir fá viðurkenningu umhverfis- og samgöngnefndar fyrir endurgerð húsnæðis að Hávegi 15.

Við keyptum húsið haustið 2011, ástand þess að utan var þökkalegt en bílskúrspakið var ónýtt. Ákveðið var að laga þakið á bílskúrnum og byggja ofan á hann „í leiðinni“ til að fá auka barnaherbergi. Byggt var ofan á bílskúrinn og þakið á húsinu svo opnað til að tengja við nýbygginguna að ofan. Húsið var svo allt klætt að utan.

Frankvæmdin hófst í mars 2015 og er að mestu lokið að utan í ágúst 2016.




Umhirða húss og lóðar Jöklalind 1

Eigendur Böðvar Stefánsson og Karólína Þorsteinsdóttir fá viðurkenningu umhverfis- og samgöngunefndar fyrir umhirðu húss og lóðar að Jöklalind 1.

Umhirða húss og lóðar hefur á síðustu árum að mestu falist í almennri umhirðu og viðhaldi.

Vinna við trjáklippingar og hreinsun fer að mestu fram á vormánuðum. Tré og runnar eru snyrtir reglulega og dauðar greinar klipptar úr. Notkun á eitri er í lágmarki og er einskorðuð við trjágróður þegar önnur ráð duga ekki til.

Á síðustu misserum hefur þak og þakskegg verið málað, borið á skjólveggi og palla og húsið sílanborið.



Gata ársins

Hveralind


Á fundi bæjarstjórnar þann 14. júlí síðastliðinn var samþykkt að veita Hveralind viðurkenninguna "Gata ársins 2016"

Hveralind er stílhrein gata þar sem samspil stæðarhlutfalla húsa, lóðar og götu gefur götunni heildarbrag og fallega götumynd. Íbúar hafa lagt mikla rækt í einkagarða ásamt því að halda sameiginlegu svæði vel hirtu og snyrtilegu. Alls eru um 38 íbúar í götunni í þeim 14 húsum sem standa við götuna. Lindahverfið í Kópavogi var skipulagt á árunum 1995-1996, það er miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu og hefur verið vinsælt meðal fjölskyldufólks. Hverfið byggðist upp að mestu á árinum 1996-1998 og samanstendur af 3 einbýlishúsum á einni hæð, tveimur parhúsum á einni hæð og tveimur parhúsum á tveimur hæðum og einu raðhúsi á tveimur hæðum. Húsin í Hveralind stæðarhlutföll húsanna og þakform fanga himinlínuna.



Gatan einkennist af vel hirtum lóðum og snyrtilegum húsum sem mynda fallega heildarmynd í götunni.

Íbúar Hveralindar eru vel að viðurkenningunni komnir fyrir að hafa hugað vel að umhverfi sínu, haldið húsum sínum og lóðum snyrtilegum og götunni fallegri í árunna rás. Íbúar götunnar eru öðrum íbúum Kópavogs hvatning og fyrirmynd.



Hönnun

Almannakór 11

Hönnuður Björgvin Halldórsson hjá bh studio ehf. og eigendur Lilja Björg Guðmundsdóttir og Vignir Steinþór Halldórsson fá viðurkenningu umhverfis- og samgöngunefndar 2016 fyrir hönnun á Almannakór 11.

Það fyrsta sem vakti fyrir hönnuði varðandi hönnun Almannakórs 11, var að útsýni úr aðal rýmum húss fengi að njóta sín til fulls. En að mati hönnuðar er þetta með fegurstu útsýnislóðum á höfuðborgarsvæðinu. En í grunninn er efri hæð húss hugsuð sem fljótandi form yfir jarðhæð, þar sem húsið tengist götu í gegnum bílastæði.

Varðandi ásýndir hússins var reynt að gera þær eins látlausar og kostur var og á það sértaklega við um ásýnd er snýr að götu. Hún er svo til gluggalaus þar sem m.a. bílskúrshurð er felld inn í klæðningu veggjar sem myndar þannig einn flöt.



Umhirða húss og lóðar á nýbyggingarsvæði


Dalaping 6

Eigendur Hólmur Ólafsson og Sigríður Rut Stanleysdóttir og hönnuður Guðmundur Gunnlaugsson hjá Archús ehf. fá viðurkenningu umhverfis- og samgöngunefndar 2016 fyrir umhirðu húss og lóðar á nýbyggingarsvæði að Dalapingi 6.

Dalaping 6 er einbýlishús á 2 hæðum, hannað fyrir stóra fjölskyldu, þar sem nauðsynlegt var að fá mörg barnaherbergi. Metnaður byggjenda var mikill og mjög ánægjulegur ferill að hanna húsið með þeim, þannig komu þau með ákveðnar og djarfar óskir eins og með sjónsteypuvegg í miðju hússins og ofanljós yfir stiga milli hæða, sem þau leysa af mikilli snilld sem fljótandi þrep út úr veggnum. Húsið er uppsteypt á hefðbundinn máta, málað hvítt en með viðarfleti víða til að skapa hlýleika...þak er flatt.

Þá er lögð mikil áhersla á útsýnið í átt að vatninu með gólfsíðum gluggum í stofu og skjólgóð útisvæði mót suðri og vestri, bæði á verönd sem á svölum.

Garður er líka sérlega vel leystur, steipt og slípað bílaplan og viðhaldslífill garður með steiptum hvítum garðveggjum til afmörkunar frá götu.



Hönnun


Frostaping 8

Hönnuður Logi Már Einarsson hjá Kollgáta arkitektúr ehf. og eigendur Guðbjörg Brá Gísladóttir og Oddur Sigurðsson fá viðurkenningu umhverfis- og samgöngunefndar 2016 fyrir hönnun Frostapings 8.

Það er hvalreki á fjöru hönnuða að fá verkefni sem snýst um að teikna hús á lóð með fallegu útsýni samhliða því að leysa verkefnið fyrir áhugasama verkkaupa með mikinn áhuga á hönnun sem um leið eru viljugir til að leggja metnað í framkvæmdina. Þessir þættir voru ráðandi í öllu ferlinu; frá hugmyndavinnu, í útfærslu að framkvæmd.

Markmiðið var að hanna látlausa byggingu sem félli áttakalífið að götumyndinni, en um leið að nýta rýmin innanhús til að skapa fjölbreytt rými sem laga sig að þörfum fjölskyldunnar. Innra skipulag hverfist um stofurými, með tvöfaldri lofthæð.

Svalir tengja miðjuna við herbergisálmið og þannig næst opið plan þótt húsið sé stórt á tveimur hæðum. Húsið, sem er einangrað að utan, er að stærstum hluta klætt bárustáli. Það er efni sem gefur ytra formi heilsteypt yfirbragð, er viðhaldslítið og hefur um leið sterka skírskotun í íslenska byggingarhefð.



Hönnun


Asparhvarf 22

Hönnuður Kristinn Ragnarsson hjá Krark ehf. og eigendur Haraldur Haukur Þorkelsson og Sigrún Jenný Barðadóttir fá viðurkenningu umhverfis- og samgöngunefndar 2016 fyrir hönnun að Asparhvarfi 22.

Húsið á lóðinni Asparhvarf 22 liggur í landhalla til suð -austurs með rómað útsýni yfir Elliðavatnið.

Húsið var hannað á þann klassíska hátt að aðgreina milli opinberra og þrívát rýma þar sem stofur og eldhús eru aðskilin frá svefnherbergjum og geymslum með stigahúsi. Bílageymslu var komið fyrir á kjallarhæð til að nýta sem best útsýni yfir vatnið. Húsið er að mestu lokað gagnvart aðkomu götu og látið opna sig í útsýnisátt til suðurs og austurs

Á síðari stigum voru þaksvalir yfir bílskúr yfirbyggðar af núverandi eigendum og ábúundum hússins.



Umhirða húss og lóðar

Akurhvarf 16

Eigendur Valgerður Baldursdóttir og Árni Baldursson fá viðurkenningu umhverfis- og samgöngunefndar fyrir umhirðu húss og lóðar að Akurhvarfi 16.

Við fluttum hingað að Vatnsenda 1998 ásamt dætrum okkar. Þá líktist umhverfið hér mest sveit, víðáttan var yndisleg og engin ástæða til að hafa annan garð en þann sem náttúran bauð uppá.

Uppúr 2005 breyttist umhverfið til muna, ekki var hægt um vik að halda hinum villta gróðri. Við hófumst því handa við að endurskipuleggja lóðina og höfum unnið í því síðan, erum hvergi nærri hætt.

